

Tengja peningaskúffu í fyrsta skipti

Síðast uppfært 24/06/2026 2:39 pm BST

Það er mikilvægt að hafa í huga að peningaskúffan tengist við spjaldtölvuna í gegnum Bluetooth.

Til að SalesCloud POS appið þekki skúffuna þarftu fyrst að para hana við spjaldtölvuna í Bluetooth-stillingunum. Farðu í Bluetooth-stillingar spjaldtölvunnar (inn í Settings) og tengstu við tiltæka kassaskúffu. Heiti tækisins mun líkjast „Star mPop xxx“.

Ef fleiri en ein kassaskúffa birtist geturðu fundið heiti/númer tækisins á miðanum neðst á kassaskúffunni

Þegar Bluetooth pöruninni er lokið:

- Opnaðu **SalesCloud POS** appið.
- Farður í þrjá punktana efst í hægra horninu og veldu **Connect to Printer**.
- Þú ættir nú að sjá **Star mPop** tækið þitt í nýjum pop-up glugga.
- Haltu fingrinum á tækinu og veldu **Connect**.
- Endurtaktu fyrra skref og veldu **Remember**.
- Endurtaktu skrefið einu sinni enn og veldu **Set as Default**.

Að lokum:

- Farðu aftur í valmyndina.
- Skráðu þig út og inn í POS appið tvisvar sinnum.
- Prófaðu prentarann með því að fara aftur í valmyndina og velja **Open Cash Drawer**.

Ef kassaskúffan opnast hefur pörunin tekist og kassaskúffan er nú tengd við POS kerfið þitt.
